

4. Fundur starfshóps um styttingu vinnuviku miðvikudaginn 9. janúar 2019, haldinn í fundarherberginu Keili á Skrifstofu fræðslu- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar. Fundinn sátu: Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir, Hrund Apríl Guðmundsdóttir, Guðrún Þorsteinsdóttir, Arnrún Einarsdóttir, Árný Steindórsdóttir og Hildur Kathleen Harðardóttir.

Gestir fundarins voru starfsmenn frá Reykjavíkurborg: Harpa Hrund Berndsen mannauðsráðgjafi hjá Reykjavíkurborg/mannauðsdeild Reykjavíkurborgar og verkefnastjóri starfshóps um styttingu vinnuviku, Særún Ármannsdóttir leikskólastjóri á Hofi, Stella Marteinsdóttir aðstoðarskólastjóri á Hofi, Jóhanna Marteinsdóttir frá mannauðssviði skóla- og frístundassviði Reykjavíkurborg.

Dagskrá fundar

Kynning á verkefni um styttingu vinnuviku hjá Reykjavíkurborg með áherslu á innleiðingu verkefnins í leikskólanum Hofi.

Ákvörðun um að fara af stað með verkefnið var tekin 2014 og farið af stað 2015 og byrjað á velferðasviði Árbær og Grafarholt sem hófu tilraunaverkefnið, stytting upp á 5 tíma annarsvegar og 4 hinvegar. Verkefnið var síðar stækkað með öðrum starfssviðum til að jafna t.d. kynjamun í þátttökuhóp og taldi verkefnið 200 starfsmenn. Sundlaugarstarfsfólk dróg sig út úr verkefninu þar sem það hentaði ekki þeirra verkefnum. Í lok árs 2017 var verkefnið stækkað þar sem öllum var boðið að taka þátt í verkefninu. Borgarlögmaður var með í að gera verklagsreglur. Á sumum stöðum var hægt að loka fyrr, leikskólar sem áttu í mannekluvanda gátu ekki tekið þátt því skilyrði fyrir þátttöku var að leikskóli væri fullmannaðir. Í seinni fasa þar sem opnað var fyrir að fleiri starfsstöðvar gætu tekið þátt eru nú 100 starfsstöðvar sem tóku þátt og 2000 þátttakendur og er fjöldi tíma núna 3ja tíma stytting á viku að hámarki og eftir því svigrúmi sem er á hverri starfsstöð t.d. 1 eða 2 tímar á viku. Reynslan af þessu verkefni er að 5 tímar er of bratt fyrir leikskóla og mat þeirra er að það væri ekki gerlegt án viðbótar fjármagns. Nú eru 6 leikskólar af 64 sem eru þátttakendur í þessu verkefni og eru að vinna eftir allt að frá 1 – 3 tíma styttingu á vinnuviku.

Verkefnið hefur fengið gagnrýni frá einhverjum hópum fyrir það að ekki sé hægt að safna upp tímum (t.d. frá vaktafólki búsetuúrræðum). Hópurinn sem er í farabroddi fyrir verkefninu leggur áherslu á að ramminn sé skýr, verklagsreglur séu skráðar og allir skrifa undir samning sem er dagsettur með skráðri dagsetningu.

Komi til að starfsmaður fari til læknis/foreldraviðtöl á öðrum tíma en skráð stytting er (í leikskólanum Hofi) þá reiknast það til styttingar á styttingunni. Stjórnendum gengur ekki jafnvel í leikskólum sem og öðrum starfsstöðum að fá styttingu á vinnuvikunni, von er á úttekt á verkefninu fljótlega sem mun varpa skýrari ljósi á þennan þátt.

Það krefst mikils skipulags að láta þetta ganga upp. Særún leikskólastjóri nefnir að þetta fyrirkomulag bitni jafnvel á endurmenntunar möguleikum og möguleikum á að fara frá til að sinna slíku sbr, fagfundi, ráðstefnur og annað. Aðstoðarleikskólastjóri á Hofi er í fullri stöðu í stjórnun en ekki með neitt hlutfall inn á deild, skólastjóri leysir ekki af vegna styttingar.

Meðal aldur er frekar hár í leikskólanum, einnig vinnur hátt hlutfall starfsmannabarna s.s. starfsfólk er með börn í leikskólanum einnig með verkefninu, veikindaprósenta var frekar lág fyrir en hefur lækkað

enn frekar. Í upphaf var lækun á veikindaprósentu almennt en hefur hækkað aftur og virðist hlutfallið verið niður á við, þó eru einstakir staðir sem þetta á ekki við.

Fyrirkomulagið hefur verið að taka alla styttingu á sama degi en það fer eftir starfsstöðvum. Þær starfsstöðvar sem lokuðu fyrr í upphafi verkefnisins hafa horfið frá því. Það starfsfólk sem er í hlutastarfi fer í styttingu út frá því starfshlutfalli en á ekki við um fólk í tímavinnu. Ekki eru margir í hlutastarfi í leikskólanum Hofi þar sem vinnutímum var breytt í upphafi verkefnisins, þar hættu þeir starfsmenn sem ekki vildu taka þátt í breytingum.

Svo virðist sem skipulag sé grundvöllur þess að þetta verkefni gangi ásamt helgun stjórnanda verkefninu ásamt góðum aðlögunartíma og þátttöku allra starfsmanna m.a. með einstaklingsviðtölum við allt starfsfólk og sagt upp vinnustundum, fulltrúar allra stéttarféлага varð teymi sem var breytingar- og skipulagsteymi í breytingateymi í aðdraganda styttingu vinnuviku þar sem skýr rammi og verkferlar eru grunnstoðir í verkefninu.

Hver deild er með „sína“ afleysingu vegna undirbúningstíma og veikindaafleysingu. Undirbúningstímar eru 7 tími fyrir deildarstjóra, 5 tímar fyrir aðara kennara og 2 tímar á deild (2 tímar eru færðir til eftir fagþörf hjá Hofi, en þetta er sá tímafjöldi sem er gefinn út frá Reykjavíkurborg frá ágúst 2019) á Hofi er þessum tímum deilt niður yfirleitt og ekki hefur safnast upp neitt af undirbúningstímum. Þetta hefur haft samlegðaráhrif á vistun þeirra barna sem eiga foreldra í vinnu í þeim leikskólum þar sem stytting er.

Það eru fleiri umsóknir hjá þeim leikskólum sem setja inn í auglýsingar að þeir séu þátttakendur í styttingu vinnuviku.

Í mælingum sem hafa verið gerðar hingað til hefur styttri vinnuvika sýnt aukna starfsánægju.

Harpa Hrund sá um mat á umsóknum um þátttöku í verkefninu (Harpa Hrund sendir matsblað/ramma til Guðrúnar), þar sem fólk hefur ekki viljað að fara í breytingar og endurskipulag hefur ekki gengið jafnvel að innleiða styttingu á vinnuviku.

Stýrihópurinn sem hefur haft umsjón með þessu verkefni í Reykjavíkurborg er pólitískt skipaður.

Fundi slitið kl. 10:00

Hrund Apríl ritaði fundargerð